



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2016

**Upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunum
1909.is, mula.is og hradpeningar.is**

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Neytendalán ehf., dags. 29. október 2015, gerði stofnunin athugasemdir við að á vefsíðunum 1909.is, mula.is og hradpeningar.is, sem allar eru reknar af Neytendalán ehf., skorti nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuveitanda skv. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Ekkert svar barst.

2.

Ítrekun var send á Neytendalán með bréfi Neytendastofu, dags. 24. nóvember 2015.

Ekkert svar barst og við skoðun Neytendastofu á vefsíðunum hinn 29. janúar 2016 mátti sjá að lagfæringar höfðu ekki verið gerðar á vefsíðunum.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendalán ehf. ekki orðið við kröfum Neytendastofu um að viðunandi lagfæringar séu gerðar á upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunum 1909.is, mula.is og hradpeningar.is þar sem nauðsynlegar upplýsingar skortir um þjónustuveitanda skv. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:



- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

Á vefsíðu 1909, 1909.is, eru neðst á öllum undirsíðum vefsins að finna upplýsingar samkvæmt 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. auk þess sem upplýsingar samkvæmt 1., 3. og 6. tölul. er að finna í skilmálum sem birtir eru á vefsíðunni. Á vefsíðunni eru hvergi að finna upplýsingar samkvæmt 2. og 5. tölul. ákvæðisins. Auk þess verður að gera athugasemdir við að þær upplýsingar sem þó koma fram á vefsíðunni eru ekki að öllu leyti veittar með samfelldum hætti eins og ákvæðið gerir kröfu um.

Á vefsíðu Múla, mula.is, er á undirsíðunni „Um Múla“ að finna upplýsingar samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. auk þess sem upplýsingar samkvæmt 1., 3. og 6. gr. tölulíð er að finna með samfelldum hætti í skilmálum sem birtir eru á vefsíðunni. Á vefsíðunni eru hvergi að finna upplýsingar samkvæmt 2. og 5. tölul. ákvæðisins. Auk þess verður að gera athugasemdir við að þær upplýsingar sem þó koma fram á vefsíðunni eru ekki að öllu leyti veittar með samfelldum hætti eins og ákvæðið gerir kröfu um.

Á vefsíðu Hraðpeninga, hradpeningar.is, eru neðst á öllum undirsíðum vefsins að finna upplýsingar samkvæmt 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. auk þess sem upplýsingar samkvæmt 1., 3. og 6. tölul. er að finna í skilmálum sem birtir eru á vefsíðunni. Á vefsíðunni eru hvergi að finna upplýsingar samkvæmt 2. og 5. tölul. ákvæðisins. Auk þess verður að gera athugasemdir við að þær upplýsingar sem þó koma fram á vefsíðunni eru ekki að öllu leyti veittar með samfelldum hætti eins og ákvæðið gerir kröfu um.

Þrátt fyrir ítrekun Neytendastofu hefur Neytendalán ekki bætt úr upplýsingagjöf á vefsíðum sínum og því liggur fyrir að félagið hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

2.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Neytendalána að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðum sínum 1909.is, mula.is



og hradpeningar.is í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skal Neytendalán greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Neytendalán ehf., Ármúla 29, Reykjavík, hefur með því að veita ekki greiðan og samfelldan aðgang að upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunum 1909.is, mula.is og hradpeningar.is brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Neytendalán ehf., skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunum. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 15. febrúar 2016

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir